

1915 nr. 33 3. nóvember**Lög um verkfall opinberra starfsmanna¹⁾**

¹⁾ *Lög þessi ná ekki til þeirra, sem heimilt er að gera verkfall skv. l. 94/1986, sbr. 14. gr. þeirra laga.*

Tóku gildi 5. nóvember 1915. *Breytt með:* L. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983). L. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991). L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998).

■ 1. gr.

□ Hver sá, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar, skal sæta [sektum eða [fangelsi allt að 2 árum],¹⁾]²⁾ eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. . . .²⁾

¹⁾ L. 82/1998, 144. gr. ²⁾ L. 10/1983, 1. gr.

■ 2. gr.

□ Hver sá, er hvetur eða tælir embættis- eða sýslunarmann eða ógnar honum til slíks verkfalls, er í 1. gr. segir, án þess að

taka sjálfur þátt í því, eða veitir á annan hátt tilstyrk sinn til þess að slíkt verkfall hefjist eða haldi áfram, skal sæta [sektum eða [fangelsi allt að 2 árum],¹⁾]²⁾ ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

¹⁾ L. 82/1998, 144. gr. ²⁾ L. 10/1983, 1. gr.

■ 3. gr.

□ Embættis- eða sýslunarmaður, sem ógnar með að taka þátt í verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, . . .¹⁾ enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

¹⁾ L. 10/1983, 1. gr.

■ 4. gr.

□ Sá, er ógnar embættis- eða sýslunarmanni eða hvetur eða tælir hann til að ógna með verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, . . .¹⁾ enda liggi eigi þyngri refsing við að öðrum lögum.

¹⁾ L. 10/1983, 1. gr.

■ 5. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 19/1991, 194. gr.